



FYRSTA BARN ársins í Eyjum kom heldur seinna í ár en oft áður en 31. janúar kom lítil stúlka í heiminn á sjúkrahúsinu. Foreldrar barnsins eru Guðrún Bergrós Tryggvadóttir og Gísli Stefánsson og með þeim á myndinni er stóri bróðir, Stefán Geir. Þess má til gamans geta að litla stúlkan fæddist á afmælisdegi föður síns. Er hægt að hugsa sér betri afmælisgjöf?

Lífeyrissjóður Vm gerir 1782 milljóna króna kröfu í Kaupþing

-Mótkrafa vegna framvirkra gjaldeyrisskiptasamninga

Í Morgunblaðinu þann 23. janúar sl. er fjallað um kröfur lífeyrissjóða í þrotabú Kaupþings. Þar kom fram að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja gerir kröfur í þrotabúinu upp á rúmlega 1782 milljónir króna.

Guðrún Erlingsdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, segir þetta ýrustu kröfur á gamla Kaupþing og þær gætu hugsanlega lækkað. „Kaupþing er með kröfu á Lífeyrissjóð Vestmannaeyja á móti sem tengist framvirkum gjaldeyrisskiptasamningum.

Fjárfesti sjóðurinn í öðrum fjármálastofnunum og hvað með kröfur á þær?

„Við áttum mest hjá Kaupþingi af fjármálastofnunum en við eigum kröfur á fleiri bankastofnanir. Þær eru mun lægri og við sleppum frekar vel út úr hruninu miðað við aðra sjóði. Sjóðurinn er 23 milljarðar og ég tel að við höfum verið frekar varfærin í fjárfestingum. Lífeyrissjóðirnir eru bundnir að lögum og fjárfestingar mega ekki fara yfir tiltekin mörk sem lögin setja okkur,“ sagði Guðrún.

Hún sagði sterkan lagaramma utan um lífeyrissjóðina. „Við erum í raun rígbundin en höfum samt ákveðinn sveigjanleika. Það má gagnrýna allar fjárfestingar og það fer sjaldan

saman örugg fjárfesting og há ávöxtun. Stjórnin samþykkir fjárfestingastefnu fyrir hvert ár og fylgist með að henni sé framfylgt,“ sagði Guðrún og telur að eftirlit með lífeyrissjóðum í landinu hafi staðist og virkað vel.

Hefur þetta áhrif á afkomu sjóðsins, er hætt á að lækka þurfi lífeyrissjóðsgræðslur ef þessar kröfur tapast?

„Þetta hefur ekki áhrif á lífeyrissjóðsgræðslur til lífeyrisþega og við reiknum ekki með að lækka þurfi lífeyri. Við gerðum ráð fyrir hugsanlegum töpum í bókum sjóðsins strax eftir hrun með 1,2 milljarða varúðarniðurfærslum. Tryggingar-

fræðileg úttekt á sjóðunum hefur tekið mið af því og ef meira fæst greitt þá eru niðurfærslurnar lægri sem er plús fyrir sjóðsfélaga. Ég vil taka fram að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hefur á að skipa frábærum framkvæmdastjóra og starfsfólki. Ég tel að það hafi verið mikið gæfuspor þegar við stofnuðum Jökla-Verðbréf hf. en fyrirtækið þjónustar eingöngu eigendur sína Lífeyrissjóð Vestmannaeyja, og tvo aðra lífeyrissjóði,“ sagði Guðrún og bendir á að á heimasíðunni, lsv.is, er hægt að skoða bæði ársreikninga og milliuppgjör sjóðsins en þar koma þessar upplýsingar fram.

Eyjammenn með þriðjung loðnukvótans: Bíða meiri hrogna-fyllingar

Sjávarútvegsráðuneytið gaf út 130 þúsund tonna heildarkvóta í loðnu og þar af fá Íslendingar að veiða 90 þúsund tonn. Ísfélag Vestmannaeyja má veiða 18 þúsund tonn af loðnu og Vinnslustöð Vestmannaeyja 9000 tonn. Auk þess hefur Huginn yfir að ráða 1270 tonnum. Samtals ráða því Eyjammenn yfir 28.270 tonnum, eða tæplega þriðjungi loðnukvótans.

Eybór Harðarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins, sagði að Guðmundur, Álsej og Júpiter færu væntanlega ekki af stað fyrr en líða færi að hrognatöku. „Ætli það sé ekki hálfur mánuður í það en þetta er mjög lítil kvóti og ekki nóg til að hægt sé að byrja strax. Við reynum að hámarka það sem við getum fengið út úr þessu en vonum auðvitað að það verði gefinn út meiri kvóti. Engu að síður er ánægjulegt að fá þetta og mjög mikilvægt,“ sagði Eybór.

„Við ætlum ekki að fara af stað strax og bíðum eftir hrognunum,“ sagði Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri Vinnslustöðvarinnar þegar athugað var með stöðuna þar. „Ísleifur og Sig-hvatur fara þá af stað en við vonum auðvitað að það finnist meiri loðna og verði gefinn út meiri kvóti,“ sagði Guðni.

Góður gestur

Þórir Guðmundsson, upplýsinga-fulltrúi Rauðakross Íslands, verður gestur á aðalfundi Vestmannaeyjadeildar RKÍ í kvöld.

„Þórir er nýkominn frá hörmungarsvæðunum á Tahítí þar sem tugir ef ekki hundruð þúsunda fórust í jarðskjálfta í byrjun árs. Það verður athyglisvert að heyrja frásögn hans, ekki síst í ljósi þess að þetta eru einhverjar mestu hamfarir sem mannkynið hefur upplifað á seinni árum. Fundurinn byrjar klukkan 20.15 í kvöld, fimmtudag í húsnæði deildarinnar í Arnardrangi. Það eru allir velkomnir,“ sagði Sigmar Georgsson, formaður Vestmannaeyjadeildarinnar.

EIMSKIP
| Griðarhöfn | Sími 481 3500 |
Yfir hafid og heim

VIÐ LÁTUM BÍLINN GANGA...
...SVO ÞÚ ÞURFIR ÞESS EKKI

net-hamar
VÉLA- OG BÍLAVERKSTÆÐI